

framangreindum tollskránum, sbr. lög nr. 50/1989, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Við útflutning skal vöruliður framangreindra tollskránum byrja á 9901 í stað 9801.

Ríkistollstjóra er heimilt að bæta vörum eða vöruflokkum við upptalningu í einstökum tollskránum hér að ofan, enda beri vörurnar sömu tolla og gjöld og þar um ræðir eða bæta við nýjum tollskránum, enda beri vörurnar sem undir þau flokkast sömu aðflutningsgjöld lögum samkvæmt.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 107. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 7. janúar 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

B-HLUTI

RAFORKUGJÖLD OG ÖNNUR GJÖLD

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns á lágspennu. Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja rafmagn á háspennu samkvæmt sérstökum samningi.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluti gjaldskrár fjallar um almenna skilmála um orkuafhendingu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar. Í þessum hluta er skilgreining á raforkutöxtum, heimtaugagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, álestrargjaldi, innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluti gjaldskrár sýnir gildandi raforkuverð og önnur gjöld á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kílóvatt	afl
kWh	kílóvattstund	orka

Skilgreiningar

Notandi: viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli (eina veitu).

Orkukaupandi: viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla (veitur).

Veita: rafkerfi notanda með einn mæli.

Ársnotkun: fjöldi kWh sem notaðar eru á einu ári (365 dögum).

Aftloppur: mesta mældu afl (kW) yfir árið.

2. gr.

Raforkugjöld.2.1 *Almenn orkunotkun.*

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

A.1	Almenn notkun:		
	Fast gjald	2.480,00	kr/ár
	Orkugjald	5,72	kr/kWh
A.4	Sumarhúsanotkun:		
	Fast gjald	9.520,00	kr/ár
	Orkugjald	3,10	kr/kWh

2.2 *Afl- og orkunotkun.*

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útilýsing.

Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

B.1	Afl- og orkumæling:		
	Fast gjald	42.700,00	kr/ár
	Aflgjald	7.220,00	kr/kWh/ár
	Vetrarorkugjald	3,56	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,64	kr/kWh
B.2	Útilýsing:		
	Aflgjald	19.800,00	kr/kWh/ár
	Viðhaldsgjald	21.600,00	kr/kWh/ár

2.3 *Rofin orkunotkun.*

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

R.1	Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	7.100,00	kr/ár
	Orkugjald með rofi í nóv.-febr.	2,74	kr/kWh
	Orkugjald með rofi í des.-jan.	2,97	kr/kWh
R.2	Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	7.100,00	kr/ár
	Vetrarorkugjald með rofi í nóv.-febr.	3,43	kr/kWh
	Vetrarorkugjald með rofi í des.-jan.	3,87	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,69	kr/kWh
R.3	Naturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	7.100,00	kr/ár
	Orkugjald	2,24	kr/kWh
R.4	Naturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	7.100,00	kr/ár
	Vetrarorkugjald	2,68	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,38	kr/kWh

3. gr.
Önnur gjöld.

3.1 Heimtaugargjöld.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

H.1 Aðalheimtaugar

Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A1-fasa	53.500 kr.
63 A3-fasa	59.200 kr.
100 A3-fasa	94.700 kr.
200 A3-fasa	187.000 kr.
315 A3-fasa	295.000 kr.
400 A3-fasa	382.000 kr.
630 A3-fasa	592.000 kr.
710 A3-fasa	669.000 kr.
1200 A3-fasa	1.130.000 kr.
2400 A3-fasa	2.260.000 kr.

H.2 Bráðabirgðaheimtaugar

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpi
63 A1-fasa	10.700	1.580	20.100 kr.
63 A3-fasa	14.800	1.580	23.200 kr.
100 A3-fasa	15.800	2.070	26.900 kr.
200 A3-fasa	59.700	2.070	26.900 kr.

H.3 Sumarhúsaheimtaugar

Málstraumur	Heimtaugagjöld
35 A1-fasa	184.000 kr.

3.2 Mælaleiga.

Mælaleiga er innifalin í raforkuverðum skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

M.1 Orkumælir, einfasa	749 kr.
M.2 Orkumælir, þrífasa	2.960 kr.
M.3 Orkumælir, þrífasa með straumspennum	5.000 kr.
M.4 Aflmælir	5.000 kr.
M.5 Aflmælir með straumspennum	7.490 kr.
M.6 Tvígjaldsorkumælir	4.820 kr.
M.7 Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	7.350 kr.
M.8 Móttökuliði, einpóla	3.320 kr.
M.9 Móttökuliði, þrípóla	5.000 kr.

3.3 Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar: 5.260 kr.
Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.

3.4	Álestrargjald. Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.050 kr.
3.5	Innheimtugjald. Innheimtugjald vegna vanskila notanda Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	799 kr. 1.200 kr.

Gjaldskrá þessi (B-HLUTI: Raforkugjöld og önnur gjöld) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 7. janúar 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 466, 22. desember 1992 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

Með vísun til 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir hlutaðeigandi sveitarstjórna um að gjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita í Reykjavík og á Akureyri, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, skuli vera 850 krónur.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 2. másl. 1. mgr. auglýsingar um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 317 3. ágúst 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.